

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Össuri Skarphéðinssyni  
um ríkisborgararétt erlendra maka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Getur ráðherra upplýst um hvaða skilyrði erlendum maki ríkisborgara með sænskt, danskt, þýskt, breskt, franskt, hollenskt, belgískt, ítalskt eða spánskt ríkisfang þarf að uppfylla til að fá ríkisborgararétt þessara ríkja ef parið býr að staðaldri í öðru landi, t.d. við nám eða störf?*

Ráðuneytið fór þess á leit við utanríkisráðuneytið að það hlutaðist til um að afla umbeðinna upplýsinga um lög og reglur í viðkomandi löndum um ríkisborgararétt erlendra maka en svar hefur ekki borist. Ekki er því unnt að upplýsa hvaða skilyrði erlendum maki ríkisborgara, sem hefur ríkisfang í þeim löndum sem upp eru talin í fyrirspurninni, þarf að uppfylla til að fá ríkisborgararétt í sama ríki og makinn, ef parið býr að staðaldri í öðru landi, t.d. við nám eða störf.